



**Stjórnarfundur haldinn 26. ágúst 2004 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Birgir, Sveinn og Bjarney.**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Engar athugasemdir.

**2. Innkomin bréf.**

Bréf frá Sýslumanninum í Keflavík v/ stofnskjals af Heiðarenda 2,4,6 og 8.

Bréf frá ÍSÍ v/ eyðublaða til að sækja um undanþágu til notkunar efna á bannlista WADA.

Skinfaxi.

Fréttabréf UMFÍ.

Bréf frá UMFÍ v/ námskeiða ávegum Leiðtogaskóla UMFÍ veturinn 2004-2005

**3. Send bréf.**

Engin

**4. Íþrótt og leikjaskóli Keflavíkur 2004.**

Að þessu sinni var einungis gerður samningur við Keflavík um rekstur á íþrótt og leikjaskóla í Reykjanesbæ. Framkvæmdastjóri lagði fram skýrslu skólans og fór yfir helstu staðreyndir. Það sóttu skólann eitthundrað og sextíu börn og eru það fjórtán börnum fleiri enn árið áður.

**5. 17. júní 2004.**

Framkvæmdastjóri fór yfir uppgjör af 17. júnínefnd Keflavíkur og Njarðvíkur. Dagskráin var félögunum til mikils sóma.

**6.75. ára afmæli félagsins 29. september 2004-08-27**

Ákveðið að skipa Einar H., Kára G., Þórð M. K. og Bjarneyju S. í nefnd vegna 75 ára afmæli félagsins. Framkvæmdastjóra falið að láta útbúa fimmhundurð könnur, eittþúsund límmiða til að setja í bílrúður og fimmhundrað glasamottur með logói félagsins á.

**7. Tímaúthlutanir í íþróttamannvirkjum Keflavíkur til deilda.**

Framkvæmdastjóri lagði fram tímaúthlutanir í íþróttahúsum Keflavíkur fyrir veturinn 2004-2005. Knattspyrnan er svo til farin út úr íþróttahúsunum og **kominn** í Reykjaneshöllina. Knattspyrnan óskaði eftir því að fá aðgang að tímum í íþróttahúsum Keflavíkur rétt fyrir Íslandsmót KSÍ innanhúss.

**8. Formannafundur í september 2004.**

Ákveðið er að halda formannafund 20. september 2004 kl. 20:00 í félagsheimili félagsins að Hringbraut 108. Dagskrá ákveðin síðar. Valdimar Gunnarsson frá UMFÍ kemur til með að koma á fundinn og kynna þau námskeið sem okkur stendur til boða á vegum UMFÍ.



frh.

### **9. Landsmót og unglingslandsmót Sauðárkróki 2004.**

Þátttakendur á Landsmóti voru 56 í átta greinum. Það stóð til að keppa í níu greinum en okkar tuttugu og tveir þátttakendur í körfuknattleik forfölluðust á síðustu stundu vegna frá falls ungra stúlku. Keflavík stóð sig með þrýði og hafnaði í fimmtasæti í heildar stigagjöfinni með 525 stig.

Unglingslandsmót tókst vel og átti Keflavík fjórtán þátttakendur á mótinu sem stóðu sig með þrýði.

Aðalstjórn vill þakka öllum þeim sem sáu um undirbúning og keppendum sem sóttu mótin til hamingju með góðan árangur.

### **10. Önnur mál.**

Framkvæmdastjóri sagði frá því að taewondódeildin væri búinn að fá stimpil ÍSÍ sem fyrirmyndardeild. Afhending er fyrirhuguð 17. september kl. 12:00 í félagsheimili félagsins.

Ákveðið að halda áfram að greiða niður úlpur sem seldar voru til þeirra sem fóru á landsmótin. Framkvæmdastjóra falið að tala við Merki Prent og Útivist og Sport með áframhaldandi samstarf með úlpurnar.

Þórður kom inn á að það þyrfti að laga heimasíðu félagsins það er að segja að gera hana líflegri.

Kári sagði frá kvörtun sem kom vegna fundaritunar á þinggerð UMFÍ.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:30.